

Ársskýrsla
stjórnar
Píeta
samtakanna
fyrir árið
2020



Stjórn Píeta samtakanna 2020:

Sigríður Björk Þormar formaður, Sólrún Kristjánsdóttir varaformaður, Guðlaug Ósk Gísladóttir ritari, Katla Þorsteinsdóttir meðstjórnandi og Davíð Þór Jónsson meðstjórnandi.

Fráfarandi stjórn:

Björk Jónsdóttir formaður, Benedikt Þór Guðmundsson varaformaður, Margrét María Sigurðardóttir ritari, Vilhjálmur Árnason meðstjórnandi og Einar Gylfi Jónsson meðstjórnandi.

Föst stöðugildi Píeta samtakana í lok árs eru 4.2 og skiptast þau svo:

Framkvæmdarstjóri er í 1.0 stöðugildi, fagstóri í 1.0 stöðugildi, 2 sálfræðingar og 1 félagsráðgjafi 1.2 stöðugildi, ráðgjafar í 1.0 stöðugildi og umsjónarmaður Píeta-símans 0.2 stöðugildi.

Framkvæmdarstjóri Píeta samtakanna er Kristín Ólafsdóttir.

Píeta samtökin eru félagasamtök sem njóta styrkja almennings á Íslandi og eru því í eigu þjóðarinnar og háð henni varðandi rekstrarfé.

Markmið Píeta samtakanna er:


- Að veita fólki sem er í sjálfsvígshugleiðingum eða stundar sjálfsskaða meðferð í fallegu og heimilislegu umhverfi.
- Að veita aðstandendum sem misst hafa ástvin í sjálfsvígi stuðning og fræðslu.
- Að hvetja til aukinnar þekkingar og vitundar um orsakir og afleiðingar sjálfsvíga og sjálfsskaða.
- Að vera vettvangur fyrir fræðslu og umfjöllun um sjálfsvíg og sjálfsskaða.

Píeta samtökin hafa það á stefnuskrá sinni að því að byggja upp forvarnarfræðslu um sjálfsvíg og sjálfsskaða til að fara með inn í grunn- og framhaldsskóla landsins og byggja upp tengslanet og þekkingu á málaflokknum innan íþróttafélaganna. Ennfremur er stefnt að því að opna Píeta skjól á landsbyggðinni.

Öll vinna með einstaklinga sem til samtakanna leita er mótuð af samúð, skilningi og virðingu fyrir hverjum og einum. Áhersla er lögð á að bjóða öllum sem til samtakanna leita upp á rólegt og notalegt umhverfi. Lögð er áhersla á lausnir og uppbyggingu. Miðað er að því að leysa yfirstandandi vanda með viðkomandi einstaklingi og glæða von viðkomandi um líf sem er þess virði að lifa. Kennð eru ýmis bjargráð til að fást við erfiðar tilfinningar ásamt streitu- og tilfinningastjórnun og samskiptafærni.

Þeir sem leita til samtakanna eru einstaklingar sem hafa sjálfsskaða og sjálfsvígshugsanir og/eða aðstandendur þeirra. Boðið er upp á einstaklingsviðtöl, og er almenna reglan allt að 15 viðtöl og 5 viðtöl fyrir aðstandendur en hvert tilfelli er metið fyrir sig. Meðalfjöldi viðtala er 8,7. Starfandi eru stuðningshópar fyrir syrgjendur og strákahópur sem hittast reglulega. Þeir sem til samtakanna leita þurfa ekki að greiða fyrir þjónustuna.

Það er ljóst að vakning hefur orðið með tilkomu Píeta samtakanna, einstaklingar og aðstandendur þeirra sem hafa sjálfsskaða og sjálfsvígshugsanir leita í auknu mæli til samtakanna eftir stuðningi. Starfsemi samtakanna hefur vaxið ört á þessu ári sbr. súlurit hér að neðan sem sýnir þróunina frá janúar 2020 til loka desember 2020.



Mynd 1. Heildarfjöldi skjólstæðinga og viðtala.

Stjórn

Stjórn félagsins er skipuð fimm félagsmönnum, formanni og fjórum meðstjórnendum sem kjörnir eru á aðalfundi til eins árs í senn. Á aðalfundi samtakana þann 29. júní gaf engin í sitjandi stjórn kost á áframhaldandi setu. Ný stjórn var kosin, en fimm einstaklingar gáfu kost á sér til setu í nýrri stjórn.

Í september var vinnufundur stjórnar með framkvæmdarstjóra. Áhersla fundarins var að móta starfsreglur og fara yfir og ræða hlutverk, tilgang og markmið samtakanna. Þá voru lagðar til nýjar áherslur í starfi samtakanna í ljósi aukins umfangs og fjölgunar skjólstæðinga. Niðurstöður fundarins var að samþykkja nýjar starfsreglur stjórnar, hækka starfshlutfall framkvæmdarstjóra í fullt starf og breyta áherslum í faglegu starfi. Á seinni hluta árs var samþykkt stjórnar yfirfarin. Þá voru gerðar breytingar á eyðublöðum sem og spurningarlistum sem lagðir eru fyrir skjólstæðinga. Einnig var haldinn fundur stjórnar og framkvæmdarstjóra með ráðgjafaráði. Markmið fundarins var að skýra betur hlutverk aðila í starfi samtakanna. Stjórn fundaði að jafnaði einu sinni í mánuði ásamt framkvæmdarstjóra.

Starfið á árinu

Hjá samtökunum starfar einungis fólk við meðferðarstarf sem er með viðurkennda menntun og opinber starfsleyfi á sviði sálfræði eða geðheilbrigðis, auk þess að vera með að minnsta kosti tveggja ára reynslu af klínískri vinnu. Á árinu fór framkvæmdarstjóri samtakana í fullt starf en hafði áður verið í hálfu starfi. Þá störfuðu hjá samtökunum um 10 verktakar að jafnaði á hverjum tíma. Enn fremur er hópur sjálfboðaliða sem kemur að ýmsum störfum hjá samtökunum og er þeirra framlag samtökunum afar mikilvægt og fæst seint þakkað. Lögð var vinna í að koma upplýsingum í rafrænan gagnagrunn með tilliti til persónuverndarlaga en mikilvægt er að öll gögn séu varðveitt með hliðsjón af persónuverndarlögum. Einnig voru ýmsir verkferlar innan samtakanna uppfærðir.


Heimsfaraldur hafði mikil áhrif á störf samtakanna og árlega viðburði þó reynt hafi verið að takmarka áhrifin eins og mögulegt var. Frá árinu 2016 hafa Píeta samtökin staðið fyrir Vetrarsólstöðugöngu 21. desember. Vetrarsólstöðugangan er innihaldsrík samverustund á dimmasta kvöldi ársins og er haldin í minningu þeirra sem látist hafa fyrir eigin hendi en jafnframt hvatning til þeirra sem glíma við sjálfsvígshugsanir að gefast ekki upp heldur þiggja hjálp og velja lífið. Frá árinu 2016 hefur jafnframt verið skipulögð 5 km ganga undir yfirskriftinni „Úr myrkrinu í ljósið“ í byrjun maí en vegna aðstæðna í samfélaginu féll hún niður á árinu. Þá hleypur hópur einstaklinga árlega í Reykjavíkurmaraþoninu til styrktar Píeta samtökunum. Hópurinn hefur stækkað umtalsvert á síðustu árum og hefur safnað

verulegri upphæð með áheimum. Þrátt fyrir óhefðbundið hlaup þetta árið þá safnaðist metupphæð eða 4.174.243 kr. Hlaupahópurinn okkar er ómetanlegur.


Píeta samtökin tóku þátt í ýmsum viðburðum og hópum s.s alþjóða geðheilbrigðisdeginum þann 10 september o.fl. Alls voru 43 kynningar á samtökunum í skólum, stofnunum, fyrirtækjum og félagasamtökum. Fjölmarginir lögðu samtökunum lið á ýmsan máta, t.a.m var góðgerðarvika Dominos fyrir Píeta og söfnuðust rúmar 9 milljónir.

Áfram var lögð áhersla á að kynna og markaðssetja samtökin ásamt því að afla styrkja og almenns rekstrarfjár. Það hefur verið lögð mikil vinna í að skapa samtökunum sess og tryggja áframhaldandi rekstur þeirra. Það reyndist frekar snúið að finna upp á nýjum leiðum til þess að tryggja reksturinn á þessu fordæmalausa ári en með skapandi hugsun, velvild almennings og fyrirtækja tókst að viðhalda auknum usmvífum samtakanna. Píeta samtökin vinna ötullega í að ná markmiðum sínum í hvívetna. Þá héldu samtökin áfram að auka við sig fylgi á samfélagsmiðlum og í árslok 2020 hafði fylgi á samfélagsmiðlum aukist um 33% á einu ári.

Á árinu var eitt helsta verkefnið og um leið stærsta áskorun samtakana að koma á laggirnar Píeta-síma. Það var á vormánuðum sem samtökin fóru að finna fyrir aukinni eftirspurn eftir þjónustu Píeta auk þess sem illa gekk að ná í stóran hóp fólks á hefðbundnum vinnutíma, fólks sem þarfnaðist aðstoðar. Þetta leiddi af sér símaþjónustu Píeta allan sólarhringinn sem hefur frá opnun sannað gildi sitt. Píeta-síminn er kominn til að vera.



Mynd 2. Í júlí 2020 byrjar píetasíminn.



Mynd 3. Meðalhlutfall nýrra skjólstæðinga sem koma í gegnum dagsíma og píetasíma.

Þróunarstarf í samtökum sem þessum er afar mikilvægt, þá sér í lagi í ljósi þeirrar aukningar sem hefur verið undanfarin tvö ár. DAM hópur (dialektísk atferlismeðferð) er í þróun og lagður var grunnur að stuðningshópi fyrir aðstandendur fólks í sjálfsvígshættu. Þá verður þörfin fyrir stærra húsnæði sífellt meiri með aukinni aðsókn. Að lokum má geta þess að á árinu hófust formlegar viðræður um opnun á Píeta á Akureyri og var stofnfé tryggt. Þessar viðræður eru í samræmi við markmið samtakanna um að Píeta samtökin geti hafið starfsemi á landsbyggðinni og að með tíð og tíma verði samtökin starfandi í öllum landsfjórðungum. Gert er ráð fyrir að Píeta á Akureyri verði opnað þann 1. júlí 2021.

Samtökin eru stolt af þeirri vinnu sem fram fer með þeim einstaklingum sem til þeirra leita. Við erum glöð í hjartanu þegar við vitum að fólk hefur fengið hjálp og stuðning við að takast á við sín mál. Við erum stolt af öllum þeim einstaklingum sem hafa veitt okkur styrk til starfseminnar og sýna þannig að þeir telja starf okkar mikilvægt í þágu þjóðarinnar.

Að lokum viljum við þakka öllu því frábæra fólki sem að starfi samtakanna hefur komið, hvort sem um er að ræða starfsmenn, sjálfboðaliða, styrktaraðila, stjórn og ráðgjafaráð. Megi þessi fallegu samtök eflast og vaxa á komandi árum.

Takk fyrir.